

Mánudaginn 1. apríl 1963.

Nr. 29/1963. **Kristján Þorkelsson**
 gegn
Trausta Jónssyni og Vélbátaábyrgðarfélaginu Gróttu.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Þorkelsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 5. apríl 1963.

Nr. 179/1962. **Karl Jóhannsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Sigrúnu Sigtryggsdóttur
 (Guðjón Steingrímsson hrl.)
 og gagnsök.

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramirnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinnson, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Magnús P. Torfason prófessor.

Laun fyrir heimilisstörf sambyliskonu.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1962. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í hér-aði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með

stefnu 28. janúar 1963. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 127.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1957 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi og haft uppi þá varakröfu, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni f. h. ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar Jónínu, andvirði þvottavélar þeirrar, sem í héraðsdómi getur.

Tvö ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt: Vottorð Tryggingastofnunar ríkisins um barnalífeyri almannatrygginga frá 1. október 1953 til 1. september 1957 og yfirlýsing aðaláfrýjanda frá 1953, þar sem hann heitir því að ganga í hjónaband með gagnáfrýjanda tiltekinn dag sama ár.

Þegar litið er til samskipta aðilja og annarra málavaxta, þykir gagnáfrýjandi eiga rétt til nokkurra launa fyrir störf sín í þágu heimilisins tímabilið nóvember 1953 til ágúst 1957, enda teljast kröfur gagnáfrýjanda af því efni ófyrndar, sbr. lokaákvæði 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Þykja laun gagnáfrýjanda fyrir nefnt tímabil hæfilega ákveðin kr. 55.000.00.

Fallast ber á með héraðsdómara, að kröfur gagnáfrýjanda fyrir tímabilið maí 1951 til ágúst 1952 séu fyrndar.

Aðaláfrýjandi hefur andmælt kröfu gagnáfrýjanda um andvirði þvottavélar þeirrar, sem í málinu greinir, á þeim grundvelli, að hann hafi þegar í upphafi gefið þvottavél þessa dóttur sinni og gagnáfrýjanda, Guðrúnu Jónínu, og sé vélin hennar eign. Gegn þessum andmælum hefur gagnáfrýjandi ekki fært fram næg rök fyrir því, að hún eigi kröfu til andvirðis þvottavélar þessarar.

Varakrafa gagnáfrýjanda um, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni andvirði fyrrgreindrar þvottavélar f. h. dóttur málsaðilja, Guðrúnar Jónínu, hefur ekki verið dæmd í héraði, og ber að visa henni frá Hæstarétti.

Úrslit málsins verða að öðru leyti þau, að aðaláfrýjanda

verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 55.000.00 með vöxtum, eins og greinir í héraðsdómi, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi, Karl Jóhannsson, greiði gagnáfrýjanda, Sigrúnu Sigtryggsdóttur, kr. 55.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. september 1957 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 19. nóvember 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 16. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Sigrúnu Sigtryggsdóttur, Suðurgötu 24, Hafnarfirði, með stefnu, útgefinni 8. júní 1961, birtri 12. s. m., á hendur Karli Jóhannssyni, Vesturvegi 8, Vestmannaeyjum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 127.000.00, auk vaxta frá 1. september 1957 og málskostnaðar.

Í lok málsins voru kröfur stefnanda á þá leið, að stefndi yrði dæmdur til að greiða henni kr. 127.000.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati réttarins, auk 6% ársvaxta frá 1. september 1957 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvaxta frá þeim degi til 29. des. 1960 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og henni gert að greiða honum hæfilegan málskostnað eftir mati réttarins.

Stefnandi kveðst hafa kynnt stefnda á árunum 1943—1944. Hafi þau svo lítið haft hvort af öðru að segja fyrr en sumarið 1950, en þá hittust þau á Siglufirði. Stefndi átti þá 4 ára dóttur, fædda 25. apríl 1946. Kynni þeirra urðu nú allnán og ákváðu þau að eigast og settu upp trúlofunarhringa um haustið. Síðan var ákveðið, að hún kæmi til Eyja um vorið og færi þá

gifting þeirra fram. Hún kom í maí 1951 til Eyja, og fóru þau strax að búa saman. Hún gekk þá með barni hans. Var upphaflega ákveðið, að þau létu gifta sig daginn eftir komuna, en ekkert varð af því vegna andmæla móður stefnda, að því er stefnandi segir. Þjuggu þau svo saman, án þess að giftast, fram í ágúst 1952. Á þessu tímabili ól hún fyrsta barn þeirra, dóttur, fædda 7. sept. 1951. Í ágústmánuði 1952 taldi hún sér ekki lengur vært á heimilinu og flutti burtu og fór til Ísafjarðar. Gekk hún þá með annað barn þeirra, sem hún ól þann 17. nóvember 1952. Kynni þeirra héldust áfram og kom stefndi til hennar á Ísafirði og einnig hittust þau sumarið 1953 á Siglufirði, en þar dvaldist hún um skeið. Ákváðu þau svo að taka upp sambúð af nýju og fluttist stefnandi á heimili stefnda í nóvember 1953, og hafði öll börn sín með sér. Var enn rætt um, að þau létu gifta sig, en það dróst á langinn. Sambúð þeirra hélzt samt áfram óslitið fram á sumarið 1957. Það sumar var stefndi á sjldveiðum fyrir Norðurlandi. Gekk þá stefnandi með þriðja barn þeirra. Hún fór til Reykjavíkur í ágústmánuði og ól barnið á fæðingarveild Landspítalans 23. sept. 1957. Var þá svo komið, að hún taldi sér ekki fært að hefja sambúð á ný. Segir hún, að þá hafi hún verið búin að missa alla von um, að stefndi kvæntist henni, og einnig hafi afskipti móður stefnda af heimilinu og andúð hennar í sinn garð verið orðin sér óþolandi. Stefnandi tók öll börn sín með sér, er hún fór af heimilinu, og hefur ekki flutt þangað aftur. Hún kveðst hafa farið frá stefnda slipp og snauð og hafi fengið lítið meira en föt sín og barnanna. Stefndi hefur greitt henni meðlag með börnunum, sem þau áttu saman, og fyrstu mánuðina eftir að þau slitu sambúðinni greiddi hann meira en meðalmeðlög eða um kr. 225.00 alls þar fram yfir á mánuði með þeim öllum. Með elzta barni sínu kveðst hún hafa fengið meðlög frá almannatryggingunum, og meðan hún bjó með stefnda fékk hún meðlög með því barni, að undanskildum 14 mánuðum.

Stefnandi segir, að stefndi hafi auðgæzt vel, meðan sambúð þeirra varaði, og kunnugt er, að hann varð húseigandi á því tímabili.

Hún kveðst hafa krafið stefnda um bætur, eftir að þau slitu samvistir, en því hafi verið ákveðið neitað. Einnig hafi stefndi neitað að skila henni þvottavél af PTH-gerð, er hann hefði gefið henni í sængurgjöf, er hún ól fyrsta barn þeirra.

Í máli þessu fer stefnandi fram á, að stefndi verið dæmdur til að greiða henni kr. 2000.00 fyrir hvern mánuð, sem hún stóð

fyrir heimili hans. Er þá miðað við ráðskonukaup á því tímabili. Vottorð liggur fyrir frá varaformanni Verkakvennafélagsins Snótar, útg. 5. júní 1961, og segir þar, að síðastliðin 10 ár hafi ráðskonur með börn fengið kaup frá kr. 1000.00 til kr. 1500.00 á mánuði, en barnlausar frá 1500.00 til 2500.00 kr. á mánuði. Á sjúkrahúsum og hliðstæðum stofnunum hafi kaup ráðskvenna verið mun hærra eða frá 4500.00 til 6000.00 á mánuði. Stefnandi kveðst hafa búið með stefnda í 61 mánuð og eigi hann því að greiða henni kr. 2000.00 \times 61 eða kr. 122.000.00. Auk þess krefst hún kr. 5000.00 fyrir þvottavélina, sem stefndi hafi neitað að afhenda. Þessar upphæðir nema samtals kr. 127.000.00, og er það stefnukrafa málsins.

Stefndi viðurkennir að hafa verið trúlofaður stefnanda og hafi þau búið saman frá maí 1951, frá í júlí 1952 og síðan frá nóvember 1953 til ágúst 1957. Hann segir, að það sé alrangt, að sambúð þeirra hafi verið slitid af orsökum, er hann ætti sök á. Kveðst hann hafa verið á síldveiðum sumarið 1957, eins og áður getur, og er hann kom heim á áliðnu sumri, hafi húsið staðið autt og stefnandi flutt burt. Eigi stefnandi sjálf alla sök á samvistaslitunum. Frásögn stefnanda um ópolandi afskipti móður hans kveður stefndi úr lausu lofti gripna, enda hafi móðir sín flutt af heimilinu 7. nóvember 1953 og ekki flutzt þangað aftur, en hins vegar hafi hún verið þar tíma og tíma og annast heimilið, þegar stefnandi var fjarverandi. Segir hann, að vegna veikinda sinna hafi stefnandi farið tvisvar á ári hverju til Reykjavíkur og dvalið þar frá einum til tveim mánuðum í senn. Þvottavélina, sem áður er um getið, kveðst stefnandi hafa gefið dóttur sinni og muni hann halda henni, unz hann geti afhent henni hana. Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, að stefnandi eigi sjálf sök á samvistaslitunum, telur stefndi, að stefnandi geti ekki krafizt neinna bóta úr hans hendi, og þvottavélina hafi hún aldrei átt, og séu því allar kröfur hennar úr lausu lofti gripnar.

Stefnandi kveðst ekki hafa verð jafn-lengi fjarverandi frá heimilinu á samvistartíma þeirra og stefndi vilji vera láta. Kveðst hún hafa verið í Reykjavík til lækninga frá 10. maí til 2. júlí 1955 og síðar á sama ári í 3 vikur, og svo aftur sumarið 1956 álika lengi.

Eins og áður getur, hóf stefnandi sambúð við stefnda sem væntanlega eiginkonu hans, en svo virðist, að þegar á átti að herða, hafi stefndi færzt undan eða gerzt því afhuga, að þau

gengju í hjónaband. Gaf það stefnandi vissulega ástæðu til að slíta sambúðinni og það fyrr en hún gerði. Aftur á móti virðist hann, er samvistum lauk, hafa viljað, að sambúð þeirra héldist áfram á sama veg og áður, og ósannað er, að stefnanda hafi ekki verið lengur vært á heimilinu vegna andúðar og afskipta móður hans. En þótt málinu sé þannig farið, leiðir það ekki til sýknu. Stefnandi á heimtingu á að fá greitt kaup fyrir vinnu sína á heimilinu, en þar gegndi hún ráðskonustarfi. Kaupkrafta hennar fyrir tímabilið maí 1951—ágúst 1952 er fyrnd, en hins vegar í fullu gildi fyrir tímabilið nóv. 1953—ágúst 1957, sem nær yfir 45 mánuði. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og miðað við aðstæður þykir vangreitt kaup hennar fyrir þetta tímabil hæfilega ákveðið kr. 43.000.00, og verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Áður er þess getið, að stefndi heldur því fram, að hann hafi gefið elztu dóttur sinni þvottavélina. Stefnandi hefur ekki sannað, að hér sé rangt með farið, og verður því krafa hennar um endurgjald sjálfri sér til handa fyrir þvottavélina ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 5.500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Karl Jóhannsson, greiði stefnanda, Sigrúnu Sigtryggsdóttur, kr. 43.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. september 1957 til 22. febrúar 1960 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
